



# ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði 10. febrúar 2020.

Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar

## Efni: Afrekssjóður ÍBH

Tilfni þessa bréfs eru að mestu leyti áhyggjur af framtíð ferða- og afreksstyrkja til hópa og einstaklinga í íþróttahreyfingunni. Í lok síðasta árs varð Íþróttabandalagið í Hafnarfirði áþreifanlega vart við slæm samskipti Hafnarfjarðarbæjar við sjóðinn. ÍBH upplýsti Hafnarfjarðarbæ strax um aukningu umsókna vegna m.a. fleiri verkefna af hálfu sérsambanda ÍSÍ, nýrra félaga innan ÍBH og að fleiri í íþróttahreyfingunni væru að fara í verkefni sem er nú vissulega allt ánægjulegt. En þetta þýddi að þeir fjármunir sem voru áætlaðir til útgreiðslu styrkja voru búnir í október 2019. Hefðin hefur verið sú að Hafnarfjarðarbær hefur alltaf komið með viðbótarframlag ef þessi staða hefur komið upp. En á síðasta ári barst ÍBH engin málefnaleg svörun og hefur ekki borist en. Af því að það barst engin málefnaleg svörun var gripið til þess ráðs að breyta reglugerðinni um Afrekssjóð ÍBH til þess eins að minnka skaðann. Breytingarnar fólust m.a. í þrenginu á umsóknartíma, fækkun styrkja og lækkun styrkja. Samt sem áður sat ÍBH uppi með 3,5 milljón króna tap á sjóðum fyrir árið 2019. Vegna breytinga sem voru gerðar á reglugerð Afrekssjóðs ÍBH og tóku gildi frá 15. nóvember 2019 spöruðust kr. 830.000 á umsóknum frá 15. nóvember 2019 til 31. desember 2019 vegna þess að meira en tveir mánuðir voru liðnir frá lok ferða. Í gerð fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar fyrir 2020 var í fyrsta skipti ákveðið að framlög Hafnarfjarðarbæjar til sjóðsins myndun hækka um prósentuhækkun, þ.e. 5,6% milli árana 2019 og 2020, þ.e. úr 11 milljónum króna í 11.616.000 kr. ÍBH benti á að svona lítil hækkun myndi að öllum líkindum ekki ganga upp m.a. vegna þess að árið 2020 er Ólympíuár, en sem fyrr voru engin viðbrögð frá Hafnarfjarðarbæ. Aðildarfélög ÍBH eiga nú þegar einn íþróttamann sem er búinn að ná lágmörkum á leikana, en þeir gætu líka orðið fjórir. ÍBH er búin að benda Hafnarfjarðarbæ á að ekki er hægt að áætla fjölda umsókna ferða- og afreksstyrkja, frekar en að Hafnarfjarðarbær geti sjálfur áætlað fjölda umsókna um frístundastyrk, sem fjölgar milli ára samkvæmt samantektum sem Hafnarfjarðarbær hefur gert. En hvernig á framhaldið að vera? Ef framhaldið á að vera óbreytt, þá verður ÍBH að upplýsa íþróttahreyfinguna í bænum og bæjarbúa um að Heilsuþæring Hafnarfjörður leggji ekki áherslu á að styrkja keppnis- og afreksíþróttir í bænum sem m.a. margir myndu túlka sem stórt skarð í það starf sem fer fram í félögunum.

Virðingarfyllt,

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH